

# Þróunarsjóður innflytjendamála 2014

## Development Fund for Immigration Issues

**Heiti verkefnis:** Erlendur uppruni og mismunun á íslenskum vinnumarkaði

**Nafn styrkþega:** Kristín Loftsdóttir, Kári Kristinsson og Margrét Sigrún Sigurðardóttir

**Útdráttur:**

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 varð atvinnuleysi fólks af erlendum uppruna hlutfallslega hærra en almennt í samfélaginu. Einnig hafa rannsóknir gefið til kynna að útlendingar eigi erfitt með að fá sérþekkingu sína metna og að fordómar séu viðvarandi í íslensku samfélagi í garð ákveðinna hópa fólks af erlendum uppruna.

Rannsóknin snýr að ráðningu einstaklinga af erlendum uppruna á Íslandi til sérfræðistarfa. Verkefnið stuðlar að aukinni þekkingu af ráðningaferlinu og þeim hindrunum sem einstaklingar af erlendum uppruna standa mögulega frammi fyrir. Haft er í huga hvort fordómar hafi áhrif á möguleika umsækjenda og hvernig auka megi aðgengi þessa hóps að vinnumarkaðnum. Rannsóknin byggir á viðtölum við fólk sem kemur að ráðningaferlinu á íslenskum vinnumarkaði. Eigindleg viðtöl voru tekin við átta mannauðstjóra með aðferðinni að hugsa upphátt (e. Think aloud), til að greina yfirferð starfsferilskráa sem sérstaklega voru útbúnar fyrir rannsóknina. Rannsóknin afmarkast við kvenkynsumsækjendur en aðrar rannsóknir hafa sýnt að íslenskur vinnumarkaður er mjög kynjaður. Sérstakri athygli var beint að áhrifum trúarbragða á möguleika umsækjanda og stöðu einstaklinga upprunna frá Litháen og Póllandi.

Hjá viðmælendum kom fram bæði ótti og staðalmyndir í garð Múslima, en ekki í garð Litháa og Pólverja, sem þó hafa einnig orðið fyrir fordómum í íslensku samhengi. Rannsóknin gefur til kynna að reynsla á Íslandi, lengd búsetu og tengsl við Ísland af einhverjum toga hjálpar umsækjendum. Jafnframt gefur rannsóknin í skyn að erfitt getur verið fyrir fólk af erlendum uppruna að fá fyrstu sérhæfðu starfsreynsluna á Íslandi.

**Project Title:** Icelandic labour market and individuals with foreign background

**Name of Grantee:** Kristín Loftsdóttir, Kári Kristinsson og Margrét Sigrún Sigurðardóttir

**Abstract:**

After the financial crisis in 2008, unemployment amongst foreigners in Iceland was higher than the national average. Research on the labour market for foreigners further shows that foreigners have difficulties in getting their specialization recognised and that prejudice are ongoing in Icelandic society. This is in particular true for certain groups of foreigners.

This research project deals with hiring of foreigners in specialised jobs in Iceland. The project aims to add to the current knowledge of the hiring process and the hindrances foreigners might encounter during this process. We look at the possibility that prejudice might bias the process and influence the chances foreigners have in the Icelandic labour market. Qualitative interviews were conducted with eight human resource managers using the “think aloud” methods. The interviewees were each given seven Curriculum Vitae for applicants for a job opening. Both the CV’s and the job description were composed specially for the research project. The research was limited to female applicants, for a job perceived as a “women’s job”. This is in light of previous research which shows that Icelandic labour market is gender divided. The focus is specially on the influence of religion on how each applicant was viewed as well as how Polish and Lithuanian origin were viewed.

The interviews showed that the Islamic stereotypes are quite prominent as well as fear of Islam. The same was not seen towards the Polish and Lithuanian applicants, in spite of previous research showing that these nationalities do experience prejudice in Icelandic society. The research indicates that experiences gained in Iceland, in particular work experience, the time the applicants have lived in Iceland or any other connection to Iceland help the applicants. The research further indicates that, for foreigners, getting the first specialised job in Iceland can be very hard.